

Kílómetraverð og akstursleiðir

Dagdvöl

- Áætlaður fjöldi kílómetra á ári í dagdvöl er: 10 þús. km., en miðað við eðli dagdvalaraksturs er heppilegt að miða við ákveðið kílómetragjald.
 - Það er sama nálgun og var notast var við í Borgarbyggð
- Fjöldi farþega sem fær dagdvalarakstur er á **bilinu 30-35**, þar af er einn farþegi sem notar hjólastól eða 3% ($1/35 = 0,029$).
- Raunhæft að gera ráð fyrir 1.000- 1.200 kr. á km. í akstri vegna dagdvalar. Óskhyggja sé að áætla lægra gjald á km. í ljósi akstursumfangs á ári, tæplega 10 þús. km.
- Í útboði Borgarbyggðar v. dagdvalaraksturs var tilboðsverð lögstjóðanda í útboði kr. 795 kr. Hafa verður í huga í slíkum samanburði að heildar akstursumfang í því sveitarfélagi, er um 50 þús. Km., samanborið við tæplega 10 þús. km á Akranesi. Heildarumfang kílómetrafjölda á ári er því ráðandi breyta gagnvart verði á hvern kílómeter.
- Í útboðum fyrir Reykjanesbæ og Borgarbyggð var gert ráð fyrir því að greitt væri álag á akstursgjald vegna farþega í hjólastól, í ljósi aukinnar ábyrgðar þjónustuveitanda. Í útboði fyrir Reykjanesbæ bauð lögstjóðandi kr. 950 fyrir þá þjónustu, en lögstjóðandi í Borgarbyggð setti hins vegar núll.
 - Miðað er við kr. 650 í útboði Akraneskaupstaðar.

Akstur íbúa á Höfða

Áætlaður fjöldi farþega xx, þar af einstaklingar í hjólastól xx.

Akstursþjónusta fatlaðs- og eldra fólks

- Fjöldi farþega sem nýtir sér akstursþjónustu fatlaðra: **23**
- Fjöldi farþega sem nýtir sér akstursþjónustu eldra fólks: **21**
- Heildarfjöldi: **44**
 - Þar af eru níu farþegar sem nota hjólastól.
 - Hlutfall einstaklinga sem nota hjólastól í akstursþjónustunni er 20% ($9/44 = 0,204$).

- Áætlaður fjöldi ferða á ári (miðað við 2024/2025) vegna akstursþjónustu fatlaðra og eldra fólks er: **5.712 ferðir**.
 - Inni í þessari tölu er einnig tilfallandi akstur sem hefur verið sinnt eftir atvikum af starfsfólki stuðningsþjónustunnar og af Hreyfli.
 - Þeir aðilar sem hafa fengið tilfallandi akstur nota ekki hjólastól.

Akstur á heimsendum mat

Á fundi v&m 6. maí kom fram skýr krafa um að **allur akstur á vegum sveitarfélagsins** ætti að vera inni í útboðinu. Á fundi v&m 20. Maí sl. bókaði ráðið að það væri samþykkt því að skipta uppboðinu upp í samningshluta, en leggur áherslu á að tilboðsgjafar geti engu að síður boðið í báða samningshluta. Umfang aksturs á heimsendum mat er sem hér segir:

- Meðaltalsfjöldi skammta á mánuði 2024:
 - **536**
- Meðaltals fjöldi skammta á mánuði fyrstu fjóra mánuði 2025:
 - **519**

Tilgangur útboðs að veita betri þjónustu

Á fundi v&m 6. maí var gerð athugasemd við að ekki væri ávarpað með afgerandi hætti hvernig útboð á akstursþjónustunni myndi bæta aðgengi eldra- og fatlaðs fólks að akstursþjónustu. Fyrir liggur í dag að reglur sveitarfélagsins gera ekki ráð fyrir að þjónustan sé veitt:

- Utan marka sveitarfélagsins
- Á milli kl. 08:00- 18:00 alla virka daga, ekki um helgar

Texti inn í 1. Kafla útboðsins

1.1. Almennar upplýsingar um útboð

Það felast tækifæri í því fyrir væntanlegan þjónustuaðila að bjóða upp á rýmri þjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk en þá sem nú er veitt samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Þjónusta leigubifreiða er ekki fyrir hendi á Akranesi og því mikið verðmæti í því fyrir notendur akstursþjónustu að eiga þess kost að panta akstur eftir kl. 18:00 virka daga og um helgar.

Akraneskaupstaður leggur áherslu á að þjónustuaðili sé tilbúinn að tryggja við sérstakar aðstæður að bílstjóri aðstoði notendur í og úr bifreið og frá og að anddyri sé þess þörf.

Nauðsynlegt er að þjónustuaðili tryggi að starfsfólk fái þjálfun í að sinna starfi sínu af hæfni og skilningi og hafi virðingu og tillitsemi gagnvart fötluðu fólki að leiðarljósi.

Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi, sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Fyrir

ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sérstakt sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til öflunar sérstaks sakavottorðs og upplýsinga úr sakaskrá.

Ökumaður þarf einnig að sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk, til þess að vera vel búinn undir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans við þjónustuna.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu fyrir fatlað fólk sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Niðurlag

Tölurnar sem notaðar eru hér að ofan eru teknar úr kostnaðaráætlun aksturs v. útboðs sem vistað er á sameiginlegu TEAMS svæði teymisins [Kostnaðaráætlun aksturs vegna útboðs.xlsx](#)

Óskað er eftir að ofangreindar upplýsingar skili sér í útboðsgögnin.